



Önnur drög að ályktun um heilbrigðismál fyrir 7. þing SGS

Heilbrigðiskerfið er einn af hornsteinum samfélagsins. Það er hluti af samfélagssáttmálanum og aðgengi fólks að góðri heilbrigðisþjónustu er ein af forsendum byggðar í landinu. Sáttmálinn kveður á um að öllum landsmönnum sé tryggð nauðsynleg heilbrigðisþjónusta óháð efnahag, búsetu eða öðrum aðstæðum. Allir landsmenn eiga sama rétt til þjónustu sem að stærstum hluta er fjármögnuð með sameiginlegum sjóðum.

Á undanförunum árum hefur verulega verið dregið úr heilbrigðisþjónustu, þá sérstaklega á landsbyggðinni, af fullkomnu skeytingarleysi gagnvart heilsu og öryggi fólks. Íbúar í dreifbýli þurfa oft að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi til að sækja sér sjálfsagða heilbrigðisþjónustu. Hið sama á við þurfi aðstandendur sjúklinga að fylgja þeim. Starfsgreinasamband Íslands fordæmir það skilningsleysi sem sjúklingum jafnt sem aðstandendum er sýnt þar sem ósveigjanlegt greiðslupátttökukerfi tekur ekki tillit til ferða- og dvalarkostnaðar fólks. Það er ömurleg staðreynd að margir Íslendingar búi við þetta mikla óöryggi og þurfi auk þess að neita sér um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sökum kostnaðar. Þetta er óásættanlegt árið 2019 og íslensku samfélagi til háborinnar skammar.

Starfsgreinasambandið krefst þess að forvarnir og geðheilbrigðisþjónusta verði stórefld. Óforsvaranlegt er með öllu að við horfum á eftir fólki vegna vanrækslu stjórnvalda í þessum málaflokki. Sérlega brýnt er að huga að ungu fólki í þessum efnum. Staðreyndin er sú að í dag getur efnaminna fólk ekki leitað til geðlæknis eða sálfræðinga vegna kostnaðar.

Á sama tíma og auknu fjármagni er veitt til að hraða uppbyggingu á nýjum Landspítala, er alvarlegt áhyggjuefni að rekstrarfé sjúkrahússins sé af skörum skammti. Alþjóðlegur samanburður á fjármögnun heilbrigðisstofnana hefur ítrekað staðfest að rekstrargrunnur íslenskra heilbrigðisstofnana er of veikur. Enn er ósamið við þorra starfsfólks í heilbrigðisþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að þeirri útgjaldaaukningu sem samningunum fylgir verði mætt í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Langvarandi niðurskurður kemur niður á gæðum þjónustu – og öryggi sjúklinga.

Það er óviðunandi og til minnkunar fyrir stjórnámálamenn að fjármagna eigi eðlilegar kjarabætur með niðurskurði á þjónustu og auknu álagi á starfsfólk. Starfsgreinasambandið mun aldrei samþykkja að aðhaldsaðgerðum í heilbrigðiskerfinu verði mætt með þeim hætti. Heilbrigðisþjónusta þarf að vera skilvirk, gjaldfrjáls og hagkvæm auk þess sem tryggja verður öfluga nærþjónustu heilbrigðisstofnana í heimabyggð og gjaldfrjálsar tannlækningar.

7. þing Starfsgreinasambands Íslands kallar eftir samtali við stjórnvöld um stefnumótun og framtíðarfyrirkomulag heilbrigðisþjónustu á Íslandi.